

Ed.

461. Nefndarátt

um frumvarp til laga um aukna löggæslu.

Frá allsherjarnefnd.

Einn nefndarmanna vill eigi sinna frumvarpinu, en meiri hlutinn leggur til, að deildin samþykki það óbreytt.

Teljum við, að ógerningur sje að gæta landslaga, svo að eigi sje stórtjón að, án þess lögreglustjórar fái til þess mun styrkari aðstoð en nú eiga þeir ráð á; og sjerstaklega virðist óverjandi, að eigi sje haft öruggara eftirlit með siglingum til landsins en hingað til hefir verið kostur á.

Lagasetning þess efnis, sem hjer er farið fram á, bætir að nokkru úr þeirri nauðsyn, án þess þó að baka landssjóði neina verulega byrði, enda yrði að sjálfsgöðu i fjárlögum ákveðið, hve mikið fje skuli veitt til framkvæmdar lögunum, eins og tíðkast hefir.

Alþingi, 14. ágúst 1917.

Magnús Torfason,
form. og ritari.

Kristinn Danielsson.

Jeg álit frumvarpið með öllu óaðgengilegt og legg til, að það sje felt.

D. u. s.

H. Hafstein.